

**Fundur vinnuhóps um framtíðaráform gæsluvalla í Hafnarfirði, haldinn í litla Keili
fimmtudag 19. október 2017.**

Mætt: Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir (JDG), Geir Bjarnason (GB), Hrund Apríl
Guðmundsdóttir (HAG)

Fundargerðarritun: HAG

- Það er ekki lögbundið hlutverk sveitarfélagsins að sinna gæslu ungra barna þegar leikskólar eru lokaðir vegna sumarleyfa.
- Aðstaða á gæsluvöllum býður ekki upp á þjónustu við ung börn sem þurfa mikla aðstoð, til dæmis við bleiuskipti
- Öryggisaðstæður á gæsluvöllum þurfa að vera fullnægjandi og uppfylla fyllstu kröfur um mönnun og fjölda barna og bjóða upp á hæft starfsfólk og starfsleyfi
- Starfsleyfi þarf að liggja fyrir á viðkomandi gæsluvelli
- Réttindi barna á viðeigandi umönnun og gæslu er skoðuð og sett í samhengi við Barnasáttmála.

Í 5. gr. Barnasáttmálans segir:

Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum.

- Einnig veltir hópurinn fyrir sér réttindum barna á leikskóla aldri til sumarleyfa eins og rætt er um í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009. Þar segir í 8. grein um dvalartíma barna:

Starfsemi og skipulag leikskólastarfs skal taka mið af aldri, þörfum og hagsmunum barna með sérstöku tilliti til daglegs dvalartíma. Æskilegt er að dvalartími barna í leikskóla sé að jafnaði ekki lengri en níu klst. á dag. Gera skal ráð fyrir að börn fái a.m.k. 4 vikna sumarleyfi.

- Viðmið um fjölda barna á starfsfólk þarf einnig að liggja fyrir

Það er því mikilvægt að huga vel að ofantöldum punktum við ákvarðanatöku um framtíð gæsluvalla í Hafnarfirði

Miklar líkur eru á því að verði rekstri gæsluvalla hætt í Hafnarfirði þá munu íþrótta- og félagasamtök bjóða upp á einhversstaðar úrræði sem væru hliðstæða við gæsluvelli.

Verði rekstur gæsluvalla haldið áfram þá þarf að gæta þess að sá rekstur og starfsemi uppfylli þær gæðakröfur sem Skrifstofa fræðslu- og frístundþjónustu setur um menntun og þjónustu yngstu barna.

(HAG)